

Fyrsti hluti

Í þessum hluta eru 15 spurningar. Hver spurning er 3 stiga virði.
Setjið hring utan um rétt svar. Fyrir rangt svar er 1 stig dregið frá.

1) $1.000.000.000.000 - 777.777.777.777 =$

222.222.222.222 222.222.222.223 233.333.333.333 333.333.333.333


2) Ef $991 + 993 + 995 + 997 + 999 = 5000 - N$ þá er $N =$

10 15 20 25

- 3) Dómínó er búið til úr kubbum sem eru gerðir úr tveimur litlum ferningum (sjá mynd til hliðar). Hvert reitaborðanna að neðan er ekki hægt að þekja nákvæmlega með heilum fjölda af dómínókubbum (sem skarast ekki)?




A: 3x4




A

B: 3x5




B

C: 4x4



C

D: 6x3



D


- 4) Hvert er stærsta hlutfallið $\frac{p}{q}$ þegar tvær tölur p og q eru valdar úr menginu $\{-24, -3, -2, 1, 2, 8\}$?

24 12 8 -24

- 5) Hve margar heiltölur á milli 1 og 46 (báðar tölur meðtaldar) eru deilanlegar með 3 eða 5?

21 24 25 27

- 11) Allar hliðar kubbs nokkurs eru rétthyrningar. Ferningslaga teningur er skorinn úr kubbum og eru hliðar teningsins einn sentímetri hver eins og myndin sýnir. Aðrar hliðarlengdir kubbsins eru sýndar á myndinni. Hversu mikið breytist yfirborð kubbsins í fersentímetrum, þegar teningurinn er skorinn úr kubbum?




2 minna 1 minna óbreytt 1 stærra 2 stærra

- 12) Í fyrirlestrasal eru 20 sætaraðir. Í fyrstu röðinni eru 10 sæti og í hverri röð þar fyrir aftan er einu sæti fleira en í röðinni á undan. Nú er fyrirlestrasalurinn notaður fyrir próf og þá mega nemendur sitja hvar sem er, en mega ekki sitja við hlið nemenda í sömu röð. Hver er mesti fjöldi nemenda sem getur tekið saman próf í fyrirlestrasalnum?

180 200 400 460

- 13) Á ritinu til hliðar tákna lóðrétti ásinn fjölda starfsmanna fyrirtækis en það gleymdist að setja kvarða á þann ás. Hversu mörg prósent starfsmanna fyrirtækisins hafa starfað 5 ár eða lengur?



$23\frac{1}{3}\%$ 30% $42\frac{6}{7}\%$ 50%

- 14) Meðaltal 10 ólíkra jákvæðra heiltalna er 10. Hver er stærsta mögulega talan af þessum 10 tölum?

50 55 90 91

- 15) Hér til hliðar er samlagning þriggja talna og stendur hver bókstafur fyrir einn tölustaf og ólíkir bókstafir tákna ólíka tölustafi. Fyrir hvaða tölustaf stendur bókstafurinn C?


$$\begin{array}{r} A \ B \ C \\ + \ A \ B \\ \hline \ A \\ \hline 3 \ 0 \ 0 \end{array}$$

1 3 5 7

Annar hluti

Í þessum hluta eru 7 spurningar. Hver spurning er 5 stiga virði.
Hér á aðeins að skrifa svarið.

- 16) Á myndinni er tvö lukkuhjól og er þeim báðum snúið í einu. Hvoru hjóli er skipt í þrjá eins hluta. Tölurnar sem pílan bendir á þegar hjólin stöðvast eru margfaldaðar saman. Hvaða líkur eru á að útkoman sé slétt tala?




Svar: _____

- 17) Í lúðrasveit Tónskólans eru 100 stúlkur og 80 drengir en í sínfóníuhljómsveit Tónskólans eru 80 stúlkur og 100 drengir. Af stúlkunum eru 60 í báðum hljómsveitunum. Alls eru 230 nemendur skólans í annari hvorri hljómsveitinni eða báðum. Hve margir drengir eru í báðum hljómsveitunum?

Svar: _____

- 18) Jafnhliða þríhyrningur eins og á fyrstu mynd er upphaflega allur grár. Nú er fjórðungurinn í miðju hans litaður hvítur. Svona er haldið áfram, þ.e. einn fjórði af hverjum hinna jafnhliða innri þríhyrninga, sem eru gráir, er litaður hvítur. Á annari og þriðju mynd sést þríhyrningurinn eftir fyrstu og aðra aðgerð. Hversu stórt hlutfall upphaflega þríhyrningsins er grátt eftir fimmtu aðgerðina?



Svar: _____

- 19) Leysið jöfnuna $\frac{2}{3}(2x+5) = 3x+6$.

Svar: _____

20) Gastegund nokkur er þannig að rúmmál hennar eykst um 4 rúmsentímetra þegar hún hitnar um 3 gráður. Hvert er rúmmál gassins við 20 gráður ef það er 24 rúmsentimetrar við 32 gráður?


Svar: _____

21) Jónas og Jóna voru að spila tveggja manna spil. Reglurnar eru þannig að sá sem vinnur fær 2 stig en sá sem tapar fær 1 stig. Engin jafntefli eru í spilu. Þegar þau hættu hafði Jónas unnið 4 spil en Jóna var með 10 stig. Hve mörg spil spiluðu þau?

Svar: _____

22) Rétthyrningi er skipt í þríhyrninga með því að draga hornalínur hans eins og sést á myndinni. Hvert er hlutfallið á milli flatarmála þríhyrnings P og þríhyrnings Q?

Svar: _____



Þriðji hluti

Í þessum hluta eru tvö dæmi sem eru 10 stiga virði hvort. Sýna skal aðferðina sem er notuð til þess að leysa dæmin. Við mat á lausnum er tekið tillit til frágangs og skýrleika í framsetningu lausnaraðferðar.

- 23) Teningi með hliðarlengd 3 cm er skipt niður í N litla teninga, þó ekki alla jafnstóra. Sérhver hliðarlengd litlu teninganna er jákvæð heiltala í cm. Finnið töluna N .

- 24) Á myndinni er rétthyrndur þríhyrningur ABC með $\angle C = 90^\circ$, $AB = 15$ og $BC = 12$. Enn fremur er lengd AD gefin $\frac{4}{9}$ af lengd hliðarinnar AC . Finnið lengd striksins BD .

